

Mál nr. 17/2010

M

og

Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar atvinnureksturs (B)

Vinnuslys 23.07. 2008, fall á milli hæða í byggingarvinnu.

Gögn.

- 1) Málskot móttakið 19.01. 2010, ásamt fylgiskjölum.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 08.02. 2010.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

M slasaðist við vinnu sína í nýbyggingu. Verið var að byggja hús og raða saman forsteyptum byggingareiningum. Verið var að hífa lofplötueiningar, hver um eitt tonn. M stóð uppi á millivegg/þverbíta og var ásamt tveimur öðrum að stýra loftaplötu í sæti. Við verkið missti hann jafnvægið og féll niður um 2,9 m.

Vinnueftirlitið gerir athugasemdir við aðstæður á vettvangi. Segir í skýrslu eftirlitsins að “enginn öryggisbúnaður né annað var til staðar sem gat varnað því að M féll niður. Einnig getur það hafa haft áhrif að vindur var töluverður”. Fyrirmæli voru gefin um tiltekna úrbætur þ.á m. að “tryggja skal öruggar fallvarnir og/eða nota öryggisbúnað þar sem fallhætta er”.

M telur greiðsluskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Vátryggingafélagið telur greiðsluskyldu ekki fyrir hendi sbr. umfjöllun þess í gögnum málsins.

Álit.

Þegr tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum þ.á m. athugasemda Vinnueftirlitsins verður að telja að B hafi ekki gætt nægjanlega að öryggisráðstöfunum við framkvæmd þess verks sem hér um ræðir. Slysið virðist fyrst og fremst mega rekja til vöntunar á fallvörnum.

Að teknu tilliti til aldrs M (42 ára) og starfsreynslu skal hann bera hluta tjóns síns sjálfur vegna eigin sakar.

Með hliðsjón af framanrituðu er greiðsluskyldu fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur helming.

Niðurstaða.

Greiðsluskylda er fyrir hendi samkvæmt þeirri vátryggingu sem hér um ræðir sem nemur helming.

Reykjavík 23. febrúar 2010

Rúnar Guðmundsson hdl.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Jón Magnússon hrl.